



UST

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Laugavegur 24  
108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. desember 2006

Tilvísun: UST20060700121/káb

### **Efni: Tengibraut að Leirvogstungu – frekari umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 6. desember sl. þar sem óskað er eftir frekari álit Umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar í ljósi frekari gagna sem bárust Skipulagsstofnun 27. október sl.

Umhverfisstofnun veitti þann 13. september sl. frekari umsögn um matsskyldu tengibrautar að Leirvogstungu. Gerði stofnunin í þeirri umsögn athugasemdir við efnistöku og haugsetningu og skort á upplýsingum um gróðurfar og hljóðvarnir sem og fyrirkomulagi hljóðvarna.

Mosfellsbær óskaði í framhaldi af framlagðri frekari umsögn Umhverfisstofnunar eftir fundi með stofnuninni. Var fundur haldinn þann 19. september sl. þar sem framangreindar athugasemdir stofnunarinnar voru ræddar. Nú hefur stofnunin borist ósk um frekara álit frá Skipulagsstofnun en með erindi Skipulagsstofnunar fylgja frekari gögn um málið, m.a. gróðurlagningu og gróðurúttekt frá Náttúrufræðistofnun Íslands, skýrsla frá Veiðimálastofnun um fiskistofna og kortlagningu búsvæða þeirra í Köldukvísl og Varmá og upplýsingar um frekari útfærslu hljóðvarna við Skeiðholt í Mosfellsbæ.

### **Efnistaka og haugsetning**

Umhverfisstofnun gerði í umsögn sinni þann 13. september sl. athugasemdir við að ekki væri tilgreint úr hvaða námum efni væri tekið til framkvæmdarinnar sem og við haugsetningu efnisins. Umhverfisstofnun fékk þau svör frá Mosfellsbæ að í útboði verkefnisins yrði gengið út frá kröfu um að allt efni verði sótt í námur í rekstri sem hafa viðurkennt starfsleyfi. Stofnunin telur þau skilyrði nægjanleg fyrir framkvæmdina.

### **Gróður**

Umhverfisstofnun gerði einnig þær athugasemdir í fyrrnefndri umsögn sinni að hvergi kæmi fram hvort á svæðinu væri hugsanlega að finna plöntur sem eru á valista eða eru friðlýstar. Stofnunin taldi einnig nauðsynlegt að haft yrði samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands áður en endanleg hönnun tengibrautarinnar lægi fyrir. Nú liggur fyrir úttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands en þær tegundir háplantna sem fundust eru algengar á Suðvesturlandi og á landsvísu og eru ekki á valista.

Í Varmárósum vex fitjasef á flatlendi á sjávarfitjum, undir efstu flóðmörkum sjávar. Það myndar þar samfelldar breiður á tveimur stöðum. Fitjasef var friðlýst með auglýsingu nr.184/1978 í Stjórnartíðindum og í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Það er einnig á valista. Ekkert fitjasef fannst á fyrirhuguðu vegstæði og telur Náttúrufræðistofnun Íslands lítlar líkur á að það finnist þar við nákvæmari leit að sumri. Að framansögðu er það mat Umhverfisstofnunar að ekki líklegt að fyrirhuguð tengibraut muni hafa veruleg áhrif á gróðurfar á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur séð ástæðu til að benda á að „þar sem Varmárósar eru friðlýstir og áin í heild á Náttúruminjasrá ber að umgangast hana og vatnasvið hennar af fyllstu virðingu og nærgætni“. Bendir stofnunin einnig á að á þeim stutta kafla við Varmá sem skoðaður var vegna rannsókna var áberandi hversu mikið drasl var í ánni og við árbakkana. Telur stofnunin brýnt að hafist verði handa sem fyrst við að hreinsa ána af rusli. Umhverfisstofnun tekur undir það álit Náttúrufræðistofnunar Íslands að brýnt sé að hreinsa Varmá, ekki einungis við fyrirhugað framkvæmdasvæði heldur allsstaðar í ánni og við hana þar sem þörf er á. Náttúrufræðistofnun Íslands bendir einnig á að búsvæði fitjasefs í Varmárósum er eitt af náttúrukjörum Mosfellsbæjar og að „áriðandi er að mikilvægi svæðisins í náttúru landsins sé kynnt íbúum t.d. með kynningarspjöldum, á heimasíðu bæjarins og í skólum. Með því móti eru minni líkur á að svæðið verði fyrir raski vegna ónógra upplýsinga“. Umhverfisstofnun tekur einnig undir framangreind orð Náttúrufræðistofnunar Íslands og bendir stofnunin jafnframt á að Mosfellsbær getur leitað til Umhverfisstofnunar varðandi gerð og efni slíkra kynningarspjalda. Frekari kynning á svæðinu myndi auka gildi þess fyrir almenning og stuðla enn frekar að verndun svæðisins.

### Hávaði og titringu.

Umhverfisstofnun gerði í fyrri umsögn sinni athugasemd við umfjöllun um hávaða og titring, sér í lagi að ekki hafi komið fram varðandi hönnun og staðsetningu hljóðvarna hvenær samráðsferli íbúa á svæðinu myndi hefjast, í hverju það samráð fælist og hvers konar hljóðvarnir væru mögulegar á svæðinu. Í svörum Mosfellsbæjar kom fram að fyrir liggur að Mosfellsbær hyggst hliðra Skeiðholti frá þeim húsum sem næst standa götunni til þess að mögulegt sé að koma fyrir hljóðvörnum. Einnig kom fram að Mosfellsbær telur ekki mögulegt að verða við þeirri kröfu Umhverfisstofnunar að kynna mögulega valkosti fyrir íbúum áður en tilkynning um matsskyldu er send stofnuninni. Mosfellsbær hyggst þó kynna fyrirhugaðar lausnir á hönnunarstigi framkvæmdarinnar fyrir íbúum.

Fram kemur í frekari gögnum sem fylgdi erindi Skipulagsstofnunar að með fyrirhugaðri færslu Skeiðholts og viðeigandi hljóðmönnum muni hljóðstig fara niður fyrir 55 dB (A), sem er hámarksgildi hljóðstigs við íbúðarhúsnæði samkvæmt reglugerð um hávaða nr. 933/1999. Að mati Umhverfisstofnunar telst slík lausn nægjanleg til að tryggja viðeigandi hljóðstig við Skeiðholt.

### Niðurstaða


Í frekari gögnum sem borist hafa Umhverfisstofnun, sem og eftir fund stofnunarinnar og Mosfellsbæjar er það mat Umhverfisstofnunar að ekki séu líkur á að framkvæmdin muni hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Gerðar hafa verið þær lágmarksrannsóknir sem stofnunin taldi nauðsynlegar til að hún gæti metið hugsanleg umhverfisáhrif fyrirhugaðrar tengibrautar.

Þær rannsóknir hafa leitt í ljós að fyrirhuguð tengibraut eru ekki líklegar til að valda verulegum óafturkræfum umhverfisáhrifum í skilningi laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Virðingarfyllst,



Helgi Jensson  
forstöðumaður



Ólafur A. Jónsson  
sérfræðingur

Afrit: Mosfellsbær